

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um brjóstapúða.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvernig hafa heilbrigðisyfirvöld fylgt eftir þeim úrbótum sem sagðar voru nauðsynlegar á skráningu brjóstapúða í kjölfar viðbragða við hinum gölluðu PIP-brjóstapúðum?
- Hefur ráðuneytið til skoðunar að setja á laggirnar brjóstapúðaskrá, eða skrá um önnur læknisfræðileg ígræði, til að tryggja rekjanleika og öryggi sjúklinga?
- Hversu margir einstaklingar hafa fengið ígrædda brjóstapúða, hversu mörg hafa látið fjarlægja brjóstapúða og hversu oft hefur ástæða fyrir því að fjarlægja púða verið galli í þeim eða veikindi af völdum þeirra? Svar óskast greint eftir árum sl. 10 ár.

Skriflegt svar óskast.